



Björgun ehf.  
b.t. Gunnlaugs Kristjánssonar  
forstjóra  
Sævarhöfða 33  
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 08. júlí 2009  
Tilvísun: 2009020018  
Bréfalykill: 22.12  
Verknúmer: 3340300

**Efni: Framlenging á leyfi Björgunar ehf. til efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði, við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell.**

Með bréfi, dags. 25. júní 2009, sótti Björgun ehf. um enn frekari framlengingu á leyfi, dags. 16. mars 2009, til efnistöku af hafsboti í Hvalfirði, við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell, sem þá þegar hefur verið framlengt með bréfi Orkustofnunar, dags. 3. júní 2009, til 1. júlí s.á.

Með bréfi, dags. 29. júní 2009, sendi Orkustofnun erindi Björgunar ehf. til umsagnar Umhverfisstofnunar sem lögbundins umsagnaraðila. Orkustofnun barst umsögn Umhverfisstofnunar með tölvupósti þann 8. júlí 2009 (fylgiskjal 1). Ekki voru gerðar athugasemdir við framlengingu leyfisins.

Með vísan til framangreinds framlengir Orkustofnun hér með leyfi, dags. 16. mars 2009, til efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði, við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell, til 1. ágúst 2009.

Virðingarfyllst

  
f.h. orkumálastjóra  
Lárus Ólafsson  
lögfræðingur

*Afrit sent til:*  
Iðnaðarráðuneytis  
Umhverfisstofnunar  
Skipulagsstofnunar

*Fylgiskjöl:*

1. Tölvupóstur Umhverfisstofnunar til Orkustofnunar þann 8. júní 2009; framlenging á leyfi til efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði, við Brekkuboða, Laufagrunn og Kiðafell: umsögn.